

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits
Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
2020

Ársskýrsla 2020

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Ljósmyndir og töflur af heimasíðu HHK, heilbrigdiseftirlit.is.


Rafræn pdf útgáfa er jafnframt að finna á heimasíðu HHK.

EFNISYFIRLIT

Heilbrigðisnefnd og skipan hennar	4
Hlutverk heilbrigðisnefndar	5
Tillaga um sameiningu eftirlitssvæða	5
Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir	6
Greining á opinberu eftirliti	7
Nýtt málakerfi	8
Ný heimasíða	9
Fundir heilbrigðisnefndar 2020	10
Starfsleyfi á árinu	11
Eftirlitsskyld fyrirtæki og stofnanir	11
Matvælaeftirlit	12
Neysluvatn	14
Samstarf á svið matvæla	15
Tóbaksvarnir	16
Hollustuhættir	17
Hundahald	19
Skipaskoðun	20
Umhverfiseftirlit	21
Skipulagsmál	21
Vatnsvernd	22
Umhverfisgæði	24
Loftgæði	25
Kvartanir er tengjast mengun eða álagi á umhverfi	28
Umhverfisgæðahópur	29
Starfsmannamál	29
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða SHÍ	29
Fjármál	29
Kostnaður við heilbrigðiseftirlit	30
Kostnaður við hundahald	30
Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits- Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis	31

Ársskýrsla

Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2020



Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem rekin eru á vegum sveitarfélaga samkvæmt lögum nr.7/1998 og er starfsvæðið Hafnarfjörður, Garðabær og Kópavogur. Í nefndinni eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu.

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd er þannig skipuð:

Aðalfulltrúar

Linda Hrönn Þórisdóttir, formaður Hf.
Jón Haukur Ingvason, Kópavogi
Ingibjörg Hauksdóttir Garðabæ
Sigurður Grétarsson, Kópavogi
Elínbjörg Ingólfsdóttir, Hafnarf.
Gnýr Guðmundsson, fulltrúi SA

Varafulltrúar

Kristinn Þór Ingvason
Guðmundur Sigurðsson
Jón Bjarni Þorsteinsson
Steingrímur Steingrímsson
Dávíð Gígja
Bryndís Skúladóttir

Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og Kópavogsbæjar tilnefna formann og varaformann til tveggja ára í senn samkvæmt samstarfssamningi um heilbrigðiseftirlitið. Linda Hrönn Þórisdóttir, sem er fulltrúi Hafnarfjarðar tók við formennsku af Jóni Hauki Ingvasyni í maí 2021.

Hlutverk heilbrigðisnefndar

Heilbrigðisnefnd ber að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á sínu svæði. Annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum. Markmiðum þessum er fylgt eftir með eftirliti, vöktun og fræðslu sem unnið er að í þverfaglegu starfi. Fjárhagsáætlun og eftirlitsáætlun mynda ramma um starfsemi hvers árs en jafnframt er unnið að viðfangsefnum sem heilbrigðisnefnd ákveður til lengri eða skemmri tíma.

Tillaga um sameiningu eftirlitssvæða

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu barst erindi frá Mosfellsbæ þann 3. apríl 2020 og Seltjarnarnesbæ þann 5. maí 2020 varðandi möguleikar breytingar á heilbrigðiseftirlitssvæðum. Í erindunum var þess farið á leit að kannaður yrði möguleiki á því að Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis yrði lagt niður í núverandi mynd og sameinað eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogs. Í framhaldinu óskaði ráðuneytið eftir afstöðu Garðabæjar, Kópavogsbæjar og Hafnarfjarðar um þá ósk að Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi yrði bætt við eftirlitssvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogs. Sveitarfélögin tóku jákvætt í erindið svo fremi að það leiði ekki til aukins kostnaðar fyrir bæjarfélögin. Í framhaldinu óskaði ráðuneytið eftir því að Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær og Seltjarnarnes hefji viðræður um að Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær bætist við heilbrigðiseftirlitsvæði Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Nú er unnið að þessari sameiningu og verið er að endurskoða samþykktir heilbrigðiseftirlitsins með það að markmið að sameina eftirlitssvæðin á árinu 2021.



Breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir

Markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengðu umhverfi. Ísland hefur gengist við ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum varðandi umhverfismál og er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Því fylgir m.a. að Ísland hefur gengist undir skyldur um ýmiskonar vöktun á umhverfi, tilhlýðilegar mengunarvarnir, meðhöndlun úrgangs sem og skuldbindingar er varða framleiðslu og öryggi og heilnæmi matvæla og þá um leið að merkingar sé í samræmi við eftirlitskerfi Ev. efnahagssvæðisins.

Á Alþingi voru á árinu samþykktar breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þeim var m.a. ætlað að draga úr vægi starfsleyfisskyldu í aðkomu stjórnvalda að iðnaðar- og atvinnustarfsemi. Lagt var upp með að fækka verulega atvinnustarfsemi sem væri leyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd. Það skyldi framkvæmt með því að takmarkaður hluti atvinnurekstrar yrði áfram leyfisskyldur en annar sem til þessa hefur verið leyfisskyldur hjá heilbrigðisnefnd ætti í þess stað að skrá sinn

rekstur á vefsíðu stjórnvalda en heilbrigðisnefnd að hafa áfram eftirlit með slíkri starfsemi. Loks var fjöldi starfsgreina sem ætlað var að yrði hvorki leyfis- eða skráningaskyldur en félli þó áfram undir ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit þar sem við ætti.

Yfirlýst markmið laganna var einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings. Jafnframt að stjórnsýslan yrði skilvirk og réttlát. Fyrirtæki bæru ábyrgð á því að starfa í samræmi við gildandi löggjöf hverju sinni en hefðu jafnframt aðgang að leiðbeiningum frá stjórnvöldum um gildandi reglur. Óháð því hvort skrá þyrfti starfsemi á vef stjórnvalda eða ekki og líka óháð því hvort hún teldist leyfisskyld hafi stjórnvöld ávallt ákveðið eftirlitshlutverk. Falli starfsemi á einhvern hátt undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir þurfa stjórnvöld að hafa eftirlit með hvort sá þáttur starfseminnar sé í samræmi við gildandi löggjöf.

Frumvarpið fékk ítarlega umfjöllun í heilbrigðisnefnd og hjá starfsmönnum hennar. Sama gildi hjá öðrum eftirlitssvæðum og stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) og hjá sérfræðingum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS). Það var nokkuð samdóma álit þessara aðila, eins og fram kom í umsögnum þeirra um frumvarpið, að þær breytingar sem kynntar voru á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og áformaðar breytingar á reglugerðum þar að lútandi myndi ekki stuðla að því að markmiðum laganna yrði betur náð eða væru til hagsbóta fyrir fyrirtækin í landinu. Álit heilbrigðisnefnda var að lagabreytingin skapaði vaxandi flækjustig, væru ekki vel undirbyggð og óskýr og myndi verulega torvela aðkomu eftirlitsaðila auk þess sem þau myndu óhjákvæmilega hafa í för með sér aukinn kostnað sem myndi leggjast á atvinnulífið. óbreytt kæmi t.d. upp sú staða að óljóst væri hvernig skilgreina ætti ýmiss konar atvinnustarfsemi. Hluti reksturs gæti eftir breytingu fallið utan reglubundins eftirlits, annar hluti starfseminnar ætti að skrást á vef stjórnvalda og falla þannig undir eftirlit en síðan væri enn einn þáttur rekstrar hugsanlega leyfisskyldur hjá heilbrigðisnefnd. Afleiðingin yrði aukið flækjustig og að aðkoma eftirlitsaðila verði erfiðari og ómarkvissari en áður.

Mat heilbrigðiseftirlitsvæðanna var að með lagafrumvarpinu væri verið að færa eftirlitið til miðlægra stofnanna og fjarlægja þar með þá staðarþekkingu og nánd sem hægt er að byggja upp í nærumhverfinu. Með því væri í raun verið að veikja eftirlit og torvela staðbundum stjórnvöldum við að stýra og lámarka álag vegna atvinnureksturs á nærumhverfi okkar.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis tók nokkurt tillit til athugasemda heilbrigðisnefnda og var frumvarpið samþykkt á vormánuðum.

Greining á opinberu eftirliti

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið héldu áfram að skoða fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga nr.7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 93/1995 um matvæli. Ákveðið var að fá KPMG til að gera greiningu á opinberu eftirliti og skoða og meta hvort þörf sé á endurskoðun kerfisins. Þannig yrði horft á hvort framkvæmd eftirlits sé í samræmi við kröfur viðkomandi laga og reglugerða, hvort rekstraraðilar fái lögbundið eftirlit og hvort eftirlitsskýrslur séu ávallt gerðar, hvort verklagsreglum sé beitt við framkvæmd eftirlits og beitingu þvingunarúrræða og hvort um sé að ræða markvisst eftirlit eða frumkvæði eftirlitsaðila eða einungis brugðist við ábendingum. Verkefnið KPMG fólst þannig í því að leggja mat á hvort núgildandi fyrirkomulag og framkvæmd opinbers eftirlits sé skilvirkt, hagkvæmt og árangursríkt.

KPMG útbjó spurningalista að höfðu samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og umhverfis- og auðlindaráðuneyti og var listinn sendur á heilbrigðisnefndir, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun og einnig var unnið úr upplýsingum sem fengust frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífsins og ráðuneytunum.

Helstu niðurstöður og ábendingar KPMG voru að þrátt fyrir fyrirmæli í löggjöf virðist ekki hafa tekist að samræma framkvæmd eftirlits að öllu leyti. Utanumhald er ekki að fullu samræmt og alls eru fimm tegundir gagnagrunna notaðar við framkvæmd eftirlits. Skortur á samræmdu verklagi við skráningu gerir jafnframt erfiðara að meta innbyrðis skilvirkni eftirlitsins í ljósi þess að framkvæmd eftirlits er í höndum stjórnvalda sem eru í mjög misjafnri aðstöðu varðandi mannafla, fjárráð, sem og eðli og staðsetningu verkefna.

Niðurstöður og ábendingar KPMG varðandi opinbert eftirlit voru eftirfarandi:

Hvort framkvæmd eftirlitsins sé í samræmi við kröfur viðkomandi laga og reglugerða.

Í stórum dráttum fara eftirlitsaðilar eftir sömu grunnviðmiðum við framkvæmd eftirlits bæði að því er snertir eftirlit með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælaeftirlit. Unnið er í samræmi við eftirlitsáætlanir og niðurstöður eru almennt skráðar í eftirlitsskýrslur, en eru almennt ekki gerðar aðgengilegar á vefsíðum viðkomandi stjórnvalda, þó slíkt sé í sumum tilvikum lögskylt. Þá er að ráða af svörum heilbrigðisnefnda við könnun KPMG að framkvæmd, einkum hvað varðar skráningu, sé ekki samræmd milli heilbrigðisnefnda þrátt fyrir fyrirmæli laga um að framkvæmd eigi að vera með sama hætti á landinu öllu. Framkvæmd eftirlits uppfyllir samkvæmt framansögðu ekki að fullu þau fyrirmæli sem um það fjalla í gildandi löggjöf. Í framkvæmd er matvælaeftirlit samtvinnað hollustuhátta- og mengunarvarnaeftirliti og óhagræði í því fólgið að skrá niðurstöður eftirlitsferða í mörg kerfi.

Leggja skal mat á hvort núgildandi fyrirkomulag og framkvæmd opinbers eftirlits sé skilvirkt, hagkvæmt og árangursríkt.

Alls eru tólf stjórnvöld sem fara með eftirlit á sviði þessara málaflokka og framkvæmd við eftirlit, eftirfylgni og þvingunaraðgerðir er mismunandi. Aðilar eru ekki sammála um atriði eins og hvað felst í samræmdu eftirliti og upplýsingar-/leiðbeiningar skyldu eftirlitsstofnana.

Skortur á samræmdu verklagi er í sjálfu sér til marks um ákveðna óskilvirkni í framkvæmd. Þá er erfitt að leggja mat á hvort eftirlit sé árangursríkt þegar ekki er hægt að draga fram með samræmdum hætti þær stærðir sem helst koma til greina til að mæla árangur/skilvirkni.

Hjá heilbrigðisnefndum með fáa starfsmenn getur sú áhætta aukist að mögulega náist ekki að uppfylla auknar kröfur um eftirlit og eftirfylgni með löggjöf. Slíkt getur haft áhrif á árangur eftirlits sé horft á það út frá tíðni eftirlits samkvæmt áhættumati og getu til að fylgja eftir auknum kröfum löggjafarinnar. Til að tryggja að framkvæmd eftirlits sé sinnt að fullu er mögulegt að skoða að sameina og/eða styrkja eftirlitssvæði þannig að hægt væri að nýta starfsfólk á víðara svæði sé þörf á og mögulega auka skilvirkni, sérhæfingu og efla getu þeirra til að takast á við þau verkefni sem lög og reglur kveða á um.

Í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir er tilgreint að gjaldskrár skuli vinna á grundvelli leiðbeinandi reglna ráðherra um uppbyggingu gjaldskráa, sbr. auglýsingu nr. 254/1999. Gjaldskrá byggir á áhættumati, umfangi rekstrar, umfangi löggjafar sem þarf að framfylgja sem og sýnatökupörf. Við yfirferð á gjaldskrám heilbrigðisnefnda kemur fram að munurinn á hæsta tímagjaldi heilbrigðisnefnda og því lægsta er 39%. Þó er tímagjald sjö nefnda innan við 10% frá meðaltímagjaldi sem er um 15.000 kr. Auk þess er nokkur hlutfallslegur munur milli heilbrigðisnefnda á því gjaldi sem lagt er á tilteknar tegundir starfsemi sé hæsta og lægsta gjald borið saman. Í svörum frá heilbrigðisnefndum kemur fram að gjaldskrár byggja á sameiginlegum grunni heilbrigðiseftirlitssvæðanna sem unninn var með aðkomu ráðuneytis fyrir rúmum 20 árum síðan. Frá þeim tíma hafa gjaldskrár heilbrigðisnefnda þróast í mismunandi áttir, þar á meðal þættir eins og verð, umfang og tíðni eftirlitsferða ásamt áhættumati.

Af hálfu heilbrigðisnefnda var lögð nokkur áhersla á að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna felist ekki eingöngu í eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengandi starfsemi, heldur séu heilbrigðisnefndir einnig þjónustuaðili fyrirtækja og veiti leiðbeiningar um kröfur í miklum mæli þar sem staðbundin þekking í héraði hefur áhrif. Það sé áskorun að sannfæra og auka skilning eftirlitsþega um að þær kröfur sem gerðar eru til þeirra séu eðlilegar og skynsamlegar á hverjum tíma. Því sé meðal annars æskilegt að embætti/starfsmenn séu til staðar í öllum landshlutum til að sinna eftirliti. Af hálfu MAST kom m.a. fram að það sé áskorun að vera eftirlitsaðili í nærumhverfi sínu. Einnig var nefnd sú áskorun að samræma starfshætti við framkvæmd eftirlits þar sem um marga aðila er að ræða.

Það sé almenn upplifun heilbrigðisnefnda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að framkvæmd eftirlits gagnvart eftirlitsþegum hafi gengið vel og telja þessir aðilar of mikið gert úr því hvernig eftirlit er ólíkt á milli svæða.

Að mati heilbrigðisnefnda sé viðtæk þekking og reynsla til staðar til að sinna matvælaeftirliti, hollustuháttaeftirliti og mengunarvarnaeftirliti hjá heilbrigðisnefndum, sem mikilvægt sé að viðhalda. Sú löggjöf sem heilbrigðiseftirliti sé ætlað að hafa eftirlit með er gríðarlega yfirgripsmikil. Til að tryggja viðeigandi þekkingu mætti halda áfram að samræma eftirlit milli heilbrigðiseftirlitsvæða og stuðla að frekara samstarfi heilbrigðiseftirlitsvæðanna að mati sumra aðila. Að mati heilbrigðisnefnda og SÍS er lagaumgjörð flókin þar sem í talsverðum mæli er verið að taka EES-gerðir beint upp í löggjöf. Þá telja þessir aðilar að eftirfylgni með innleiðingu laga mætti vera meiri til að tryggja framgang þeirra. Einnig nefndi SÍS að horfa mætti til vinnu sem var gerð árið 2015 um útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit.

Nýtt málakerfi

Vinna við nýtt málakerfi hófst á árinu 2019 og var gert samkomulag við Spektra ehf. um að setja upp og innleiða málakerfi byggt á Office 365 og samhæft við Sharepoint lausnir. Málakerfið nefnist Workpoint og er danskt að uppruna. Málakerfið var tekið í notkun á vormánuðum 2020 og voru allir eftirlitsþegar fluttir yfir í nýtt kerfi ásamt nauðsynlegum upplýsingum úr eldra kerfi. Kerfið er mjög viðamikil og býður uppá ýmsar nýjungar, bæði í framsetningu á skýrslum og gögnum sem og aðgengilegri leit

að gögnum í kerfinu. Kerfið heldur utan um starfsleyfi, eftirlit og niðurstöður umhverfissvöktunar auk þess sem eftirlitsáætlun heilbrigðiseftirlitsins hefur verið færð inn í kerfið sem og upplýsingar um eftirlitsgjöld og niðurstöður eftirlits.

Málakerfið heldur jafnframt utan um kvartanir og önnur mál sem lenda á borði Heilbrigðiseftirlitsins og er hægt að flokka mál og kvartanir með ýmsum hætti, tengja starfsmenn við mál og úthluta verkefnum svo eitthvað sé nefnt. Hægt er að vista allar tegundir gagna í málakerfinu hvort sem um er að ræða hljóð- eða myndaskrár eða hefðbundnar skýrslur og hægt er að færa gögn beint úr Outlook beint á viðkomandi mál eða kvörtun.

Kerfið er viðurkennt af Þjóðskjalasafninu hvað varðar varðveislu gagna og skil til safnsins og færast úrvinnsla gagna sífellt meira í rafræna ferla í stað varðveislu á pappír. Unnið er að nýrri skjalavörsluáætlun heilbrigðiseftirlitsins og stefnt er að því að henni verði lokið á árinu 2021.

Samhliða upptöku málakerfisins eru nú allar umsóknir um starfsleyfi og skráningar orðnar rafrænar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins og færast þær beint í málakerfið, þar sem starfsmaður þarf einungis að staðfesta móttöku skráningar og stofnast þá umsókn og aðili skráist sjálfkrafa í kerfið. Þá veitir málakerfið okkur möguleika á að birta með einföldum hætti gögn í heimasíðunni sem þarfnast auglýsingar, eða er skilgreint sem skjal sem eigi að vera opinbert s.s. eftirlitsskýrslur og starfskilyrði fyrirtækja.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar,
Garðabæjar og Kópavogs.

COVID-19 TILKYNNINGAR EFTIRLIT STARFSLEYFI GJALDSKRÁ



MÆLING 17.03.21

LOFTGÆÐI

NÁNA



MÆLING 01.08.17

VATNSGÆÐI

NÁNA



MÆLING 19.10.20

SJÁVARGÆÐI

NÁNA

Heilbrigðiseftirlitið

Heilbrigðiseftirlitið er staðsett að Garðatorgi í Garðabæ og svæði þess er Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur.



Heilbrigðiseftirlitið starfar samkvæmt lögum um matvæli, hollustuhætti og mengunarvarnir. Það hefur meðal annars eftirlit með dreifingu og sölu matvæla, smásölu tóbaks, sinnir almennu umhverfiseftirliti og fylgist með framkvæmd mengunarvarna. Heilbrigðisnefnd, eða embætti heilbrigðiseftirlits í hennar umboði, gefur út starfsleyfi fyrir allan starfsleyfis skyldan atvinnurekstur og sinnir reglubundnu eftirliti með honum.



Ný heimasíða

Aukin áhersla á að stafræn samskipti verði megin samskiptleið fólks og fyrirtækja við hið opinbera kallar á nýjar lausnir þar sem einfalt er að tengja þetta saman. Á næstu árum mun stjórnarsýslan öll og sú stafræna þjónusta sem hún veitir taka umfangsmiklum breytingum sem allar miða að því að einstaklingar og fyrirtæki geti nálgast hana á einfaldan og hraðvirkan hátt á einum stað og með einföldum hætti. Island.is er ætlað að verða þessi miðlægi rafræni staður, þar sem margvísleg verkefni eru tengd saman á einum stað þannig að opinber þjónusta verði skilvirkari og notendavænni. Allar umsóknir um starfsleyfi og aðrar skráningar eru nú aðgengilegar í gegnum Island.is.

Stafræn þróun hefur líka jákvæð umhverfisáhrif, þar sem með því að bjóða upp á stafræna þjónustu er dregið úr pappírnotkun og bílferðum einstaklinga á milli opinberra stofnanna.

Ný heimasíða heilbrigðiseftirlitsins er unnin með hliðsjón af þessum markmiðum um opinbera þjónustu. Einstaklingar og fyrirtæki eiga að geta nálgast þjónustu eftirlitsins með einföldum hætti með rafrænum umsóknum og auknum upplýsingum á heimasíðunni. Þá er nýja heimasíðan hönnuð með það að markmiði að hægt er að nálgast allar upplýsingar í hvaða viðmóti sem er þ.e. hvort sem notast er við tölvu, síma eða spjaldtölvu.

Aukið aðgengi og ákvæði í lögum um opinbera birtingu gagna er mikil áskorun um að tengja gögn úr málakerfi eftirlitsins inná heimasíðuna og þannig veita milliliðalausan aðgang að upplýsingum sem kveðið er á um að eigi að vera opinber. Þar má til að mynda nefna upplýsingar um starfsleyfi, eftirlitsskýrslur og niðurstöður úr umhverfismælingum s.s. loftgæðum, vatns- og sjósýnum.

Á heimasíðunni er hægt að fylgjast með þeim loftgæðamælistöðvum sem heilbrigðiseftirlitið hefur umsjón með í „beinni“ og jafnframt er settar inn á síðuna upplýsingar um mengun vatns og sjávar á svæði Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.

Fundir heilbrigðisnefndar 2020


Heilbrigðisnefnd hélt 10 fundi á árinu. Samkvæmt fundargerðum voru bókaðir 461 dagskrárliðir. Einstök mál koma til umræðu á fleiri en einum fundi og hluti mála tengjast fleiri en einum málaflokki. Í eftirfarandi töflu hafa dagskrárliðir verið flokkaðir samkvæmt nokkrum helstu málefnaflokkum sem starfsemin tekur til.

Umsagnir um skipulagsmál sveitarfélaga	28
Ný starfsleyfi	200
Endurnýjun starfsleyfa	62
Niðurrif mannvirkja	18
Tóbaksleyfi	9
Skipaskoðanir	19
Umsagnir um rekstrarleyfi, skipulagsmál og samþykktir	51
Starfsemi heilbrigðiseftirlits, fundargerðir og önnur mál	46

Starfsleyfi á árinu


Þrátt fyrir að Covid hafi haft veruleg áhrif á starfsemi fyrirtækja eru nýskráningar svipaðar og undanfarin ár. Eitthvað hefur borið á því að fyrirtæki hafa ekki endurnýjað starfsleyfi sín, en í heildina er fjöldi eftirlitsskyldra aðila svipaður og var í árslok 2019.

STARFSLEYFI 2020 - 262



Eftirlitsskyld fyrirtæki og stofnanir

Í árslok 2020 voru 1488, stofnanir eða fyrirtæki sem hafa þarf reglubundið eftirlit með og skiptust skiptast þau með eftirfarandi hætti.



Tíðni opinbers eftirlits skal vera regluleg og taka mið af áhættu og niðurstaðna úr eftirliti og vera samkvæmt eftirlitsáætlunum. Eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir um um 1550 eftirlitsferðum tengdum þeim rekstri sem til staðar var í árslok. Vegna Covid var erfitt að fara í eftirlitsferðir þar sem taka þurfti tillit til þess að fyrirtækin reyndu að takmarka aðgang annarra en starfsmanna að starfsstöðvum og eins var tekin ákvörðun um að fara ekki í eftirlit þegar almannavarnir færðu stöðuna í samfélaginu yfir á hættustig. Til að mæta þessu var reynt að hafa eftirlit með rafrænum hætti, eftirlitsþegar voru beðnir um að senda myndir af vettvangi og eins var kallað eftir upplýsingum um hvort eftirlitsþegar væru búnir að lagfæra frávik eða

úrbótáætlanir hafi gengið eftir. Farið var í 1227 eftirlitsferðir á árinu til 880 eftirlitsaðila.

Til viðbótar var farið í eftirlit til 59 fyrirtækja sem hættu á árinu 2020 og 40 eftirlitsferðir á árinu vegna starfsemi þar sem eftirlit er ekki reglubundið. Fjöldi slíkra fyrirtækja eða starfsemi kemur ekki fram í lokatölu ársins. Auk þess voru eftirlitsferðir vegna vöktunar umhverfis af ýmsu tagi, kvartana s.s. vegna umgengni á lóðum, sóttvarnaundanþága og skoðunar á íbúðarhúsnæði.

Ýmis starfsemi s.s. í matvælavinnslu og dreifingu, atvinnurekstri sem valdið getur mengun og þjónustustarfsemi samkvæmt nánari skilgreiningum, á að hafa starfsleyfi frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og sækja skal um starfsleyfi áður en starfsemi hefst. Fyrirtæki og starfsemi getur einnig verið eftirlitsskyld án þess að þurfa starfsleyfi. Einn mælikvarði á virkni stjórnsýslu og eftirlits er sá fjöldi fyrirtækja, stofnana og starfsemi sem eru með sín starfsleyfismál í lagi á hverjum tíma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að öll fyrirtæki sem eru starfsleyfiskyld hafi ekki gild starfsleyfi. Hjá atvinnurekstri sem valdið getur mengun er oft um óstöðuleika í rekstri að ræða eða því við borið að starfsemin falli ekki að skilgreiningu reglugerðar um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir eftirlitsstörfum, umhverfisvöktun og öðrum störfum heilbrigðiseftirlitsins.

Matvælaeftirlit

Um málaflokkinn gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Tilgangur laganna er að tryggja svo sem kostur er, gæði, öryggi og hollustu matvæla og að merkingar og aðrar upplýsingar um þau séu réttar og fullnægjandi. Matvælafyrirtæki er skilgreint hvert það fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem það starfar í ágóðaskyni eður ei og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki.

Alls voru 81 umsóknir um starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli og 33 umsóknir um blandaða starfsemi þar sem starfsleyfið heyrir undir bæði lög um matvæli sem og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.


Þegar matvæli eru á boðstólum á gististöðum er sú starfsemi flokkuð sem matvælafyrirtæki og viðkomandi rekstraraðili fær starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt lögum um matvæli.

Ákveðinni veitinga- og gististarfsemi ber jafnframt að afla rekstrarleyfis útgefnu af sýslumanni samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Breyting varð á þeirri lagasetningu á árinu 2017 og fækkaði aðilum sem afla skyldu slíks rekstrarleyfis. Markmið þeirra laga er að tryggja allsherjarreglu í starfsemi veitinga- og gististaða og við skemmtanahald og stuðla að stöðugleika í rekstri sem og að starfsemin falli að skipulagi viðkomandi sveitarfélags hverju sinni. Heilbrigðisnefnd er umsagnaraðili til sýslumanns vegna útgáfu rekstrarleyfis og í umsögn sinni ber nefndinni að gæta að samræmi við starfsleyfi, grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist og að starfsemin fullnægi kröfum laga um framleiðslu og dreifingu matvæla sbr. lög um matvæli og sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Á árinu bárust 27 beiðnir um umsagnir vegna rekstrarleyfa fyrir veitingastarfsemi og 10 beiðnir um umsagnir vegna tækifærisleyfa þar sem matvæli yrðu á boðstólum.

Þar sem tekið var í notkun nýtt málakerfi í apríl 2020 var farið í nokkra uppstokkun á samantekt á upplýsingum um kvartanir. Þannig getur sama kvörtunin skorað á nokkra málaflokka. Þannig eru skráðar 821 kvartanir skráðar í kerfi heilbrigðiseftirlitsins í öllum málaflokkum og eru því eitthvað um að sama kvörtunin sé skráð í fleiri en einn flokk. En í kvartanir eða ábendingar vegna matvæla voru eftirfarandi.


Aðskotaefni í matvælum	20
Tilkynningar um hugsanlegar matarsýkingar	11
Lyktarmengun frá matvælaframleiðslu	7
Meðferð matvæla ábótavant	19
Innkallanir	63
Merkingar og/eða innihaldsefni	81
Hreinlæti	15

Sýni voru tekin til örverumælinga vegna ýmissa athugana í matvælaeftirliti. Niðurstöður mælinga eru bornar saman við örverufræðileg viðmið og metin út frá því. Eftirlit var haft með merkingum, innihaldsefnum og notkun næringar og heilsufullyrðinga í markaðsefni og athugað var samkvæmt eftirlitsáætlun fyrir landið allt, hvort leifar varnarefna finnast í grænmeti og ávöxtum en einnig voru tekin sýni af kjöti til skimunar sjúkdómsvaldandi örvera. Matvælastofnun tekur saman og birtir niðurstöður mælinga á varnarefnaleifum fyrir árið. Auk þess voru teknar um 160 hreinlætismælingar með ljósgleypni mæli í eftirlitsferðum í mötuneyti og veitingaeldhúsum. Mælingarnar gefa góðar vísbendingar um árangur þrifa og um almennt hreinlæti í fyrirtækjum og virðist gefa góða raun í að bæta almenna umgengni og hreinlæti og þar af leiðandi matvælaöryggi fyrir neytendur hjá þeim flokki fyrirtækja.



Neysluvatn

Fylgst er með neysluvatni til að afla upplýsinga um ástand þess með tilliti til efna-, eðlis- og örverufræðilegra þátta.



Sýrustig, leiðni og styrkur aðalefna í vatnssýnum frá Vatnsveitu Hafnarfjarðar og Kópavogs árin 2008-2020.

Árlega eru tekin vatnssýni til ítarlegra efnagreininga í samræmi við ákvæði reglugerðar um neysluvatn nr. 536/2001. Um er að ræða heildarúttekt á efnasamsetningu neysluvatnsins. Hátt á annað hundrað frumefna og

efnasambanda eru mæld. Öll efni og efnasambönd sem reglugerðin mælir fyrir um auk lípíums. Niðurstaðan 2020 var alveg hliðstæð við mælingar undan genginna ára og áratuga. Gæði neysluvatns í umdæminu eru góð og stöðug. Styrkur allra efna er vel innan hámarksgilda reglugerðar þar sem þau eru til. Finnbogi Óskarsson frá rannsóknarstofunni Ísor tók sýnin 26. október 2020. Sýni Vatnsveitu Kópavogs er jafnan tekið úr stofnlögninni frá vatnsbólunum í Vatnsendakrika þegar vatnið er að streyma inn í vatnstankinn í Heimsenda. Sýnataka hjá Vatnsveitu Hafnarfjarðar fer fram í vatnsbólunum í Kaldárbotnum skammt frá Kaldárseli. Upplýsingar um niðurstöður mælinga eru birtar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins, hhk@heilbrigðiseftirlit.is

Að auki er tekin fjöldi sýna af neysluvatni dreift yfir árið úr dreifikerfunum, alls 94 á árinu 2020. Annars vegar hjá vatnsveitunum og hins vegar hjá ýmsum stofnunum og víðar í kerfinu. Um er að ræða almenna örveru- og kóligerlatalningu auk mælinga á gruggi. Niðurstöður hafa staðfest að neysluvatn á svæðinu er af hæstu gæðum. Þá verður að geta þess að neysluvatnssýni eru jafnframt tekin úr einkavatsveitum, s.s. hjá Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og í matvælaeftirliti hjá fyrirtækjum.

Samstarf á sviði matvæla

Deildarstjóri matvælasviðs Þóra Dögg Jörundsdóttir, er í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæða og Matvælastofnunar um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er rædd framkvæmd og skipulagning eftirlitsverkefna ásamt samræmingu matvælaeftirlits. Starfsmenn sækja jafnframt fræðslufundi og námskeið Matvælastofnunar. Nýr forstjóri var ráðinn hjá Matvælastofnun, Hrönn Ólína Jörundsdóttir og hóf hún störf í september. Hún hefur komið á reglulegu samráði við heilbrigðiseftirlitssvæðin með fundum sem boðir eru mánaðarlega.

Árlega standa Matvælastofnun og heilbrigðiseftirlit sveitafélaganna fyrir sameiginlegum eftirlitsverkefnum. Verkefnin standa yfir í afmarkaðan tíma og er þá lögð áhersla á ákveðið afmarkað málefni, sem gjarnan er tengt gerð fræðsluefnis og eða breytingum á lögum eða reglugerðum. Í ár hefur jafnframt verið unnið að endurskoðun á eftirlitshandbók sem ætluð er starfsmönnum heilbrigðiseftirlitanna.

Einnig stóð Matvælastofnun að tilhlutan atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið að könnun á algengustu sjúkdómsvaldandi bakteríum og sýklalyfjaónæmum bakteríum í kjöti á markaði. Heilbrigðiseftirlitið var virkur þáttakandi í sýnatöku í smásölu á sínu svæði og voru sýni tekin úr kjúklingum, svínakjöti og hakki.

Nýlegar breytingar á lögum um matvæli hafa þann tilgang að samræma eftirlit og upplýsingagjöf. Lagabreytingarnar tóku gildi 1. janúar 2019, að undanskildu ákvæði þess efnis að 1. janúar 2021 skuli birta upplýsingar um flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra. Vegna þessara breytinga kom

Matvælastofnun á fót teymi sem er ætlað að undirbúa innleiðingu á löggjöfinni og halda utan um verkefnið. Í lok ársins 2020 var tilkynnt að lagabreyting yrði lögð fram þar sem ákvæði um frammistöðuflokkun yrði seinkað og ekki yrði stefnt að upptöku þess kerfis fyrir 1. janúar 2021.

Fjöldi fyrirtækja sem sinna framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla var í lok árs um 600. Með í þeirri tölu eru mötuneyti skóla og leikskóla. Í flokkinn annað koma fyrirtæki sem er með lítils háttar sölu matvæla og veitingasölu á viðburðum. Áætlaður fjöldi eftirlitsferða í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru í eftirlitsáætlun ársins um 620. Skráðar eftirlitsferðir urðu alls 580. Eftirlitsferðir í fyrirtæki og stofnanir sem hættu rekstri á árinu eru ekki meðtaldar í þessum tölum en fjöldi eftirlitsferða í verslanir og mötuneyti vegna sérstakra verkefna eru meðtaldar.

Tóbaksvarnir

Tóbakssala fer yfirleitt fram í verslunum sem selja matvæli og í veitingahúsum en þó fer þeim fækkandi þeim veitingahúsum sem selja tóbak. Veitt voru 9 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga á árinu 2020 og var þar fyrst og fremst um endurnýjun að ræða. Þann 31.12.2020 voru smásölustaðir tóbaks alls 34 í umdæminu. Engar kvartanir bárust vegna tóbakssölu, en kvartanir voru áður vegna sölu tóbaks til unglinga, en breytingar á tóbaksnotkun í aðra neyslu hefur haft breytingar í för með sér.

Sett voru lög 2018 um rafrettur sem tóku gildi 1. mars 2019 en samkvæmt þeim er eftirlit sölu þeirra í höndum Neytendastofu. Neytendastofa hefur óskað eftir samstarfi við heilbrigðiseftirlitin vegna þessa verkefnis og er þar horft til þess að heilbrigðisfulltrúar sendi Neytendastofu upplýsingar um hugsanleg brot á lögum og reglum um sölu og meðferð rafrettna ef þeir verða þess áskynja í hefðbundnu eftirliti í samræmi við 14. gr. laganna.

Ný nikótín vara hefur komið á markað og tekið við og bætist við rafrettu notkun meðal ungmenna. Nikótín er örvandi efni sem er mjög ávanabindandi bæði andlega og líkamlega. Þessir nikótínþúðar eru auglýstir grimmt á vefsíðum og með framsetningu í verslunum. Í lok árs 2020 var lagt fram frumvarp þar sem sala á nikótínþúðum er felld undir lög um rafrettur þar sem fram eru settar skýrar reglur um heimild um sölu, markaðsetningu og notkun á nikótínvörum. Neytendastofa fer með markaðseftirlitið samkvæmt lögum nr.87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Ekki hefur verið haft samband við heilbrigðiseftirlitin um aðstoð við markaðseftirlit vegna þessa né leitað samráðs varðandi slíkt eftirlit. Í nýju frumvarpi um breytingar á lögum um Neytendastofu er aftur á móti lagt til að Neytendastofa verði lögð niður og verkefni hennar flutt til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunnar og Póst- og fjarskiptastofnunar.



Nikótínþúðar

Að mati heilbrigðiseftirlitanna er þörf á að endurskoða þessi mál og skoða hvort ekki sé skynsamlegra að hafa eftirlit með þessum vörum á einum stað og þá á vettvangi heilbrigðiseftirlita sveitarfélaganna.

Hollustuhættir

Um málaflokkinn gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um hollustuhætti. Starfsleyfisumsóknir voru 96 samkvæmt ákvæðum hollustuháttareglugerðar og 33 starfsleyfisumsóknir í blandaðri starfsemi. Þá voru 5 umsóknir vegna tímabundinna starfsemi sem voru síðan dregnar til baka vegna áhrifa Covid.

Í sumum fyrirtækjum og stofnunum sem flokkast undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, í skólum, leikskólum, sjúkrahúsum, vistheimilum og félagsmiðstöðvum á sér stað meðhöndlun og dreifing matvæla. Veitingastaðir og gististaðir sem þurfa að hafa starfsleyfi samkvæmt hollustuháttareglugerð og matvælalögum eru flokkaðir sem matvælafyrirtæki. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur flokkaðar með starfsemi vegna mengunarvarna.

Kvartanir vegna hollustuháttamála voru fjölmörg á árinu og fer fjölgandi. Hlutverk heilbrigðiseftirlitsins er að vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi og að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloftið. Það er því mikilvægt að íbúar sveitarfélaganna hafi greiðan

aðgang að heilbrigðiseftirlitinu og eru allar kvartanir teknar til skoðunar og í mörgum tilfellum er farið á vettvang og reynt að staðfesta hvort þær eigi við rök að styðjast.

Faratæki (vegna olíuleka ofl.)	54
Meindýra	34
Umgengni á lóðum	51
Íbúðarhúsnæði (óleyfileg búseta, mygla ofl.)	34
Slys og slyshætta	11
Dýrahald, flækingskettir ofl.	21
Úrgangur og ópríf	36

Kvartanir vegna úrgangs eða slæmrar umgengni um lóðir verða oft tímafrekar í úrvinnslu og eru oft vegna starfsemi sem ekki er eftirlitsskyld eða vegna búsetu í húsnæði sem ætlað er til annarra nota. Vandamál tengd óleyfisbúsetu skjóta reglulega upp kollinum og eru erfið viðureignar þar sem áhöld eru um hvernig skuli fara með þau mál. Eigendur slíks húsnæðis telja þessi rými ekki starfsleyfisskyld, þar sem þau eru ekki skilgreind sem starfsmannabústaðir eða gistiheimili og falli því ekki undir ákvæði laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þessi byggingar eru þó í mörgum tilfellum á atvinnu- eða iðnaðarsvæðum og geta því ekki flokkast sem íbúðarhúsnæði nema breytingar séu gerðar á ákvæðum í deiliskipulagi viðkomandi svæðis.

Samkvæmt skýrslu vinnuhóps um umbætur í húsnæðismálum sem skipaður var af ríkisstjórninni 2019 og skiluðu skýrslu í lok árs 2020, kemur fram að áætlað sé að um 5.000-7.000 einstaklingar búi nú í um 1.500 til 2.000 óleyfisíbúðum sem í flestum tilfellum er skipulagt undir atvinnustarfsemi.

Í reglugerðum um hollustuhætti (gr. 21, reglug. 941/2002) og um meðhöndlun úrgangs (gr. 16, reglg. 737/2003) er að finna heimildir til heilbrigðisnefnda til að fjarlægja númerslausar bifreiðar, bílflök og ýmiss konar úrgang og lausamuni. Með vísan til þessara reglugerða hefur heilbrigðiseftirliti í landinu verið falin umsjón með slíkum hreinsunaraðgerðum. Ákvæði reglugerðanna eru opin en upp geta komið álitamál við framkvæmd. Úrskurðanefndir og Umboðsmaður Alþingis hafa felld úrskurði í málum sem vísað hefur verið til þeirra. Þann lærdóm þarf að draga af þeim að vanda þarf allt verklag og ákvæði reglugerða eru ekki eins opin og ætla mætti. Hafnarfjarðarbær hefur annast hreinsanir þar á bæ með vísan til lögreglusamþykktar. Heilbrigðiseftirlitið með vísan til framan nefndra reglugerða ber hins vegar ábyrgð á framkvæmd hreinsana í Kópavogi og í Garðabæ. Þjónustumiðstöðvarnar annast framkvæmd hreinsana undir umsjón heilbrigðiseftirlits.


Við framkvæmd er farið skipulega og með reglubundnum hætti um hverfin og farið um lóðir, lendur og bílastæði bæjarins. Þar sem þörf er á, eru límdir aðvörunarmiðar með tímasettum frestum á hluti. Einnig er brugðist við

ábendingum sem berast. Algengast er að eigendur bregðist við innan tímamarka og fjarlægi eigur sínar. Hluti eigenda hefur þó fyrst samband við eftirlitið til að óska skýringa eða til að fá einhverja framlengingu á fresti. Það er háð aðstæðum hverju sinni hvort og þá með hvaða hætti er hægt að verða við slíkum óskum. Þó flestir bregðist við þurftu bæjarfélögin að fjarlægja hundruð bíla, bílflaka og annarra hluta á árinu 2020. Áður en farið var í hreinsanir rýndi heilbrigðiseftirlitið gögnin og mælti fyrir um hreinsun. Límdir eru aðvörunarmiðar á rúmlega þúsund bifreiðar á ári af starfsmönnum sveitarfélaganna.

Hreinsunaraðgerðir innan einkalóða kalla á öðru vísi aðkomu þó heilbrigðisnefnd búi yfir valdheimildum til slíkra aðgerða og hafi beitt þeim.

Hundahald


Um áramótin 2020-2021 voru á skrá 2140 hundar í umdæmi heilbrigðisnefndar sem er nokkur fækkun milli ára. Hlutfall eigenda sem sótt hafa námskeið í hundauppeldi er 62% og fjórir hundar eru notaðir til leitar- og björgunarstarfa og einn hundur til aðstoðarstarfa.



Kvörtunum vegna hunda og hundahalds er haldið aðgreindum frá öðrum kvörtunum vegna dýrahalds og hollustuháttamála. Alls voru skráð 205 kvörtunartilfelli vegna hunda á árinu. Í rúmlega helmingi tilvika er heimili dýranna ekki þekkt. Algengast er að kvartað sé um lausagöngu hunda og næst algengast er að kvartað sé um ónæði s.s. vegna gelts. Um tveir þriðju kvartana eru vegna þessara atriða. Algengt er að þegar eigendur bregðast ekki við óþægindum sem hlýst af þeirra hundahaldi megi sjá fleiri atriði í samskiptum nágretta sem valda núningi en bara hundahaldið. Þá hefur nokkuð borið á því að ágreiningur er um hundahald í fjölbýlishúsum og hafa nokkur slík mál farið fyrir úrskurðanefnd umhverfis- og auðlindamála og eins hefur verið leitað til kæruneftnd húsamála um úrlausn ágreiningsmála.

Samkvæmt lögum um velferð dýra hafa sveitarfélög hjálparskyldu, handsömunarskyldu og vörsluskyldu dýra. Þetta eru verkefni sem heilbrigðiseftirlitið sér um fyrir sveitarfélögin. Vistun hunda í dýraathvarfi fer sífellt fækkandi. Til slíkra vistanna kom 2 sinnum á árinu. Samskipti um týnd dýr á vef internetsins hefur dregið úr þörf á skammtímvistun ásamt auknum vilja til að hafa dýr hjá sér þar til eigandi finnst.

Lögð hefur verið áhersla á að einfalda skráningu hunda á eftirlitssvæði heilbrigðiseftirlitsins og skráningargjöld felld niður og leyfisgjöld lækkuð. Nú geta hundaeigendur skráð hunda sína rafrænt og sent gögn til eftirlitsins með rafrænum hætti s.s. vottorð um ormahreinsun og staðfestingar á hundanámskeiðum.



Helstu hundategundir á svæði HHK

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfar vinnuhópur á sviði hollustuháttamála. Vinnuhópurinn undirbýr tillögur að samræmdum verklagsreglum, leiðbeiningum og starfsleyfisskilyrðum. Hópurinn kemur saman að jafnaði mánaðarlega fyrir utan sumarið og voru á árinu haldnir 8 fundir hjá hópnum. Helstu verkefnin sem hópurinn vann að var endurskoðun starfsleyfisskilyrða á fyrri hluta ársins, áhættugreining fyrirtækjaflokka og var þar framhaldið þeirri vinnu sem byrjað var á síðasta ári. Fjöldamörg önnur mál komu inná borð hollustuháttahóps á árinu, en fundirnir fóru flestir fram á Teams vegna aðstæðna í samfélaginu.

Skipaskoðun

Virk þátttaka heilbrigðiseftirlitsins er á innleiðingaferli vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar. Reglugerðin er alþjóðlegur bindandi sáttmáli sem hefur að markmiði að hindra útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eitrefna og geislavirkra efna milli

landa. Reglugerðin kveður á um ítarlega skoðun á útgáfu sóttvarnavottorða fyrir skip. Millilandaskip geta fengið skoðun í 23 viðurkenndum höfnum á landinu og fengið viðeigandi vottorð sem þarf að endurnýja á 6 mánaða fresti. Hafnarfjarðarhöfn er ein af viðurkenndum höfnum landsins og skoðar heilbrigðisfulltrúi skip í þessum tilgangi þegar eftir er leitað. Þá sá Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis um úttekt skipa sem þess óskuðu sem stoppuðu á Grundartanga en Heilbrigðiseftirlit Vesturlands er ekki með eftirlitsmann sem hefur þekkingu á skipaeftirliti. Gefin voru út 19 skipavottorð á árinu 2020.

Umhverfiseftirlit


Um málaflokkinn gilda aðalega lög um hollustuhætti og mengunarvarnir en auk þeirra nokkur sérlög sem snúa að mengunarvörnum. Alls 132 umsóknir um starfsleyfi voru til meðferðar, þar sem eftirlit byggist á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum. Í sumum tilvikum er í starfsleyfi einnig vísað til annarra laga og reglugerða.

Mest áhersla er lögð á að stuðla að heilnæmu, öruggu og ómenguðu umhverfi og koma í veg fyrir megnun með því að fylgja eftir kröfum um mengunarvarnir. Unnið er út frá samræmdum starfsleyfisskilyrðum sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og Umhverfisstofnun gefa út, en einnig eru unnar sértæk starfsleyfisskilyrði á vegum heilbrigðiseftirlitsins.

Skipulagsmál

Allmörg álit voru gefin um umhverfis- og skipulagsmál. Flestar umsagnir voru veittar vegna breytinga á deiliskipulagi og breytinga á aðalskipulagi frá sveitarfélögunum. Nokkuð er um breytingar á skipulagi með þeim hætti að verið er að þétta byggð eða breyta skipulögðu athafnasvæði í blandað svæði íbúðarbyggðar og atvinnustarfsemi. Heilbrigðisnefnd hefur haft ástæðu til að vekja athygli á það að við slíkar breytingar sé vandað til verka, svo ekki komi til vandamála tengt slíku nábyli s.s. vegna hávaða eða lyktarmengunar.

Þá fékk heilbrigðiseftirlitið til umsagnar þær breytingar sem Borgarlínan hefur á aðalskipulag sveitarfélaganna og voru almennt veittar jákvæðar umsagnir um tilkomu hennar og umhverfisáhrif.




Borgarlínan

Vatnsvernd

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að gæði vatns sem tekið er til neyslu og vatns sem kann að verða tekið síðar sem neysluvatn geti hrakað eða spillst. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa staðið sameiginlega að ákvörðun verndarsvæða fyrir neysluvatn og setningu heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsvernd. Hvoru tveggja, skipulag vatnsverndar og samþykktin voru staðfest 19. júní 2015 og er samþykktin nr. 555/2015. Markmið samþykktanna er að tryggja verndun grunnvatns vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins þannig að gæði neysluvatns á vatnstökustað uppfylli ávallt kröfur sem gerðar eru í gildandi löggjöf. Þannig er stuðlað að hámarks hollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.

Hvert heilbrigðiseftirlitssvæði sér um reglubundið eftirlit innan sinnar lögsögu en stór hluti vatnsverndarsvæðisins er innan eftirlitssvæði Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Sérstök framkvæmdastjórn sér um að samræma eftirlitið. Framkvæmdastjóri HHK hefur stýrt framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu undanfarin 2 ár og setið fundi stýrihóps um vatnsvernd á vegum Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þekur um 247 km². Grunnvatn og neysluvatn sem kemur frá vatnsverndarsvæðinu er í hæsta gæðaflokki og mikilvægt er að þessi auðlind verði nýtanleg um ókomna tíð. Jarðfræði svæðisins einkennist af lekum jarðlögum og eru víða sprungur þar sem yfirborðsvatn á greiða leið ofan í grunnvatnið og því er svæðið sérstaklega viðkvæmt fyrir mengun þar.




Vatnsverndarsvæðið er merkt með bláu á myndinni

Samningur er við Verkfræðiskrifstofuna Vatnaskil um árlega endurskoðun rennslislíkans af höfuðborgarsvæðinu og hefur það gengið vel. Hafinn er undirbúningur að borunum fyrir 4-5 nýjar rannsóknarborholur til að styrkja þekkingu á grunnvatnsstraumum á svæðinu og styrkja þannig rennslislíkanið.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 3 fundi á árinu 2020. Á fyrsta fundi ársins var samþykkt ný vöktunaráætlun með gæðum neysluvatns komi til eldgosa á Reykjanesinu og var sú áætlun unnin að beiðni Almannavarnaráðs. Vöktunaráætluninni er ætlað að vera hluti af viðbrögðum almannavarna höfuðborgarsvæðisins komi til eldgosa sem gætu haft í för með sér að mengandi öskufall eða loftstraumar bærust yfir verndarsvæði vatnsbóla. Komi til eldgoss á Reykjanesi og berist loftstraumar inn á vatnsverndarsvæðið mun það taka nokkurn tíma þar til mögulegrar mengunar getur gætt. Vöktunaráætlunin tekur mið af þeirri staðreynd.

Í vinnslu er umhverfismat fyrir lagningu Lyklafellslínu sem fyrirhugað er að reisa og fer yfir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Fyrir liggur eldra mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem lauk með álit Skipulagsstofnunar í september 2009. Ekki varð af framkvæmdum í samræmi við það umhverfismat, en þar sem nú liggja aðrar forsendur til grundvallar hefur Landsnet ákveðið að gera nýtt umhverfismat fyrir Lyklafellslínu 1. Tilgangur mats á umhverfisáhrifum er að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir matsskyldri framkvæmd, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Áformuð framkvæmd gæti haft áhrif á öryggi neysluvatnsöflunar íbúa allra sveitarfélaga sem standa að sameignlegu vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.



Valkostahugmyndir Lyklafellslínu 1 sem eru til skoðunar.

Umhverfisgæði

Heilbrigðiseftirlitið gætir hagsmuna almennings með tilliti til heilbrigðis og hollustuhátta. Það fellst m.a. í vöktun lofts, vatns og lands á svæðinu

Umhverfi lækja og vatna hefur útivistargildi og því mikilvægt að grípa til aðgerða ef náttúrulegt ástand er að breytast til verri vegar. Jafnframt er nokkur hættu á að lækir og ár sem renna um þéttbýli mengist og sama gildir um vötn og tjarnir í og við byggð.

Ofanvatn af húspökum, plönnum og götum er veitt í lækir sé þess kostur. Án ofanvatns er hætt við að þeir gætu þornað. Of algengt er að í lækir berist eftir sömu leið ýmiss konar óæskileg efni. Lækir mengast iðulega í tengslum við framkvæmdir. Vatn mettað af mold og leirefnum er dælt úr húsgrunnum í drenkerfin, sementsríkt vatn berst frá steypuframkvæmdum og málning vegna þrifa á málningartækjum. Þá berst stundum olía og önnur efni af götum og slökkvivatn vegna eldsvoða. Heilbrigðiseftirlitið fær árlega fjölda ábendinga þessa efnis. En þá er líka ótalin skólpmengun vegna laskaðra fráveitna eða rangtenginga. Í verstu tilvikum er slík mengun sýnileg og til ama en í öðrum tilvikum er hún ill sjáanleg en getur verið skaðleg. Töluvert margar kvartanir berast eftirlitinu þegar mengun er sýnileg og greinilegt að íbúar vilja viðhalda hreinleika þeirra.

Öll sveitarfélögin hafa það í forgangi hjá sér að leita rangtenginga og bregðast við ef grunur er um rangtengingar. Flest vötn á svæði heilbrigðisnefndar hafa verið mengunarflokkuð í samræmi við ákvæði reglugerðar. Slíka flokkun þarf að endurskoða með reglulegu millibili. Hefur heilbrigðiseftirlitið verið falið að annast vöktun vatnanna með því að taka sýni til efnamælinga.

Strendur og strandsjór hafa mikið útivistargildi. Frá vori og fram á haust eru reglulega tekin gerlasýni við ströndina. Öðru hvoru verður vart skólpmengunar en það er þó mat heilbrigðisnefndar að þar hafi gerlafræðilegt ástand þróast í rétta átt og útivistargildi fjara sé almennt viðunandi. Hafa þarf þó í huga að fjörur á svæðinu geta ávallt verið undir einhverju álagi frá byggð. Útrásir skólphreinsistöðva opnast töluvert frá landi á þokkalegu dýpi og óverulegra gerlamengunar er að vænta frá þeim en rekstur þessara kerfa kallar á að losun fer stundum út um neyðarútrásir og slík tilvik gera ekki alltaf boð á undan sér. Fráveiturnar upplýsa um slík tilvik á heimasíðum sveitarfélaganna.

Niðurstöður vöktunar birtast á heimasíðunni; hkh@heilbrigdiseftirlit.is. En fyrir liggur að framsetning gagna verður bætt á árinu 2021.

Vatn er auðlind sem mikilvægt er að umgangast á ábyrgan hátt, ekki síst fyrir komandi kynslóðir. Viðhalda þarf líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegu ástandi vistkerfa ferskvatns og strandsjávar og tryggja gæði grunnvatns. Heilnæmt vatn er til marks um hreina náttúru og styrkir ímynd Íslands út á við. Lög um stjórn vatnamála innleiða nýja nálgun í vatnsvernd hér á landi. Lögnum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd

vatnsauðlindarinnar. Öll ríki Evrópusambandsins auk EFTA ríkjanna nota samræmda aðferðafræði við innleiðingu vatnatilskipunar og hófst sú innleiðing hér á landi 2011 og felst hún í flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála er að öll yfirborðsvatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu ástandi og skulu grunnvatnshlot líka vera í góðu efnafræðilegu ástandi.

Verndun vatns er samvinnuverkefni sem gengur þvert á stofnanir og stjórnvöld og þurfa stjórnvöld og hagsmunaaðilar að vinna þétt saman, miðla mikilvægri þekkingu og gögnum sem þau búa yfir með það að leiðarljósi að tryggja verndun vatns. Páll Stefánsson deildastjóri umhverfis- og mengunarsviðs Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis hefur setið í vinnuhóp um vatnaáætlun sem nú hefur verið kynnt og er til umsagnir.

Þá hefur Ísland samþykkt að vinna að innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Það eru einkum tvö heimsmarkmið sem snúa sérstaklega að vatni en það er markmið 6 hreint vatn og hreinlætisaðstaða og markmið 14 Líf í vatni.



Loftgæði

Samkvæmt ákvæðum laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. er heilbrigðisnefndum ætlað að semja aðgerðaráætlun um þær skammtímaráðstafanir sem gripið skal til ef hættu er á að loftmengun fari yfir skilgreind mengunarmörk. Um er að ræða innleiðingu á tilskipun 2008/5/EB „um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu“. Umhverfisstjórnir gaf út á árinu ákvörðun um að heilbrigðisnefndir skyldu sjá til þess að aðgerðaráætlanir fyrir aðildarsveitarfélög þeirra skyldu taka gildi á árinu 2020. Aðgerðaáætlun var samþykkt í heilbrigðisnefnd á vormánuðum og síðan send til kynningar og samþykktar í bæjarfélögunum.



Þáttur í áætluninni er stofnun viðbragðsteymis sem í eru fulltrúar frá heilbrigðiseftirlitinu, umhverfis- og tæknideildum aðildarfélaganna og er hlutverk viðbragðsteymis að meta hvenær tilefni er til að senda út tilkynningar þegar loftgæði eru líkleg til að fara yfir heilsuverndarmörk eða eru þegar yfir mörkum. Þá er viðbragðsteyminu einnig ætlað að leggja mat á þörf á að beita mótvægisaðgerðum og þá hverjum. Teymið leggur fram tillögur að aðgerðum þar sem eftirfarandi er skilgreint:

1. Styrkur þeirra loftmengandi efna sem farið hafa yfir viðmiðunarmörk eða mat á líkum þess að loftgæði fari yfir viðmiðunarmörk ef um spá er að ræða.
2. Greining á líklegum uppsprettum.
3. Tillögur að aðgerðum.
4. Greining á þeim aðilum sem rétt er að hafa samráð við. Þeir aðilar geta t.d. verið Umhverfisstofnun, slökkviliðið (Almannavarnir), önnur eftirlitssvæði, lögregla eða Vegagerðin.

Til að fylgja eftir slíkri aðgerðaráætlun þarf að vera til góður grunnur upplýsinga um loftgæði og hefur heilbrigðisnefnd í samstarfi við sveitarfélögin set upp og rekið mælistöðvar sem eiga að tryggja að upplýsingar um loftgæði séu aðgengilegar almenningi. Á árinu voru fjórar loftgæðamælistöðvar í umdæminu sem nýtast þessum tilgangi með mismunandi hætti. Nálgastr má rauntímaniðurstöður þeirra á heimasíðu www.heilbrigdiseftirlit.is og frá öðrum loftmælistöðvum á landinu. Þá heldur umhverfisstofnun jafnframt úti heimasíðu um loftgæði, www.loftgaedi.is. Stöðvar heilbrigðiseftirlits í Dalsmára og á Norðurhelli eru með veðurstöðvum til að auðvelda túlkun gagna. Rauntíma veðurupplýsingar má nálgast á vef heilbrigðiseftirlits en ekki á vef Umhverfisstofnunar.

Lækjarbotnar Kópavogur. Orka náttúrunnar kom upp snemma árs 2015 mælitækjum við skólasetrið í Lækjarbotnum til að fylgjast með brennisteinsvetni (H_2S). Skýrslur hafa verið gefnar út um þær niðurstöður. Verkfræðistofan Vista annast skýrslugerð eins og undanfarin ár.


Dalsmári Kópavogur. Heilbrigðiseftirlitið rekur loftgæðamælistöð við Dalsmára í Kópavogi. Þar fara fram mælingar á styrk brennisteinsvetnis (H_2S), brennisteinsdioxíðs (SO_2), köfnunarefnisoxíða (NO_x) og á svifryki í andrúmslofti. Stöðin hefur verið í Dalsmára frá því í maí 2014 og er ein af lykil mælistöðvum fyrir höfuðborgarsvæðið. Við Dalsmára fara mælingar fram í námunda við umferðargötu og gætir þess í niðurstöðum. Það kemur fram í dægur- og árstíðabundnum sveiflum. Í byrjun árs 2020 var skipt um rykmæli í loftgæðastöðinni við Dalsmála. Með nýja mælinum er hægt að greina betur samsetningu svifryksins. Nú er mælt svifryk sem er <1,0PM, <2,5PM, <4PM og <10PM. Loks er mælt heildarrykið en það er allt svifryk (<10PM) og fíngerðasta fallrykið. Rannsóknir sýna að því finna sem svifrykið er því hættulegar getur það verið.

Norðurhella Hafnarfjörður. Heilbrigðiseftirlitið rekur mælistöð að Norðurhelli 2. Í júní 2016 voru tæki stöðvarinnar við Norðurhelli endurnýjuð og hliðstæðar mælingar og í Dalsmára hafnar þ.e. símælingar á efnum sem mælt er fyrir um í reglugerðum. Rykmælar stöðvarinnar mæla PM10 og PM2,5 svifryk.

Hvaleyrarholt Hafnarfjörður. Þar fara fram mælingar á vegum Umhverfisstofnunar og Rio Tinto Alcan í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ. Mældur er styrkur brennisteinsvetnis (H_2S), brennisteinsdíoxíðs (SO_2), köfnunarefnisoxíða (NO_x) og svifryks (PM2,5 og PM10) í andrúmslofti. Einnig er styrkur flúors (F) í ryki og í andrúmslofti mældur í vöktunarstöðinni á Hvaleyrarholti.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur tekið saman niðurstöður mælinga úr loftgæðastöðvum eftirlitsins. Niðurstöður ársins 2020 sýna að breytingar í styrk þeirra efna sem mæld eru, sé almennt til lækkunar frá fyrra ári. Breytingarnar sem mátti merkja á niðurstöðum ársins eru taldar endurspegla mun á veðurlagi milli ára og umferðarálagi. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru og eru allvel undir slíkum mörkum í mörgum tilvikum. Frá þeirri reglu er eitt frávík.

Þegar kemur að áramótum og flugeldum er myndin dekkri og alvarlegri.



Myndin var tekin af heimasíðu HHK og sýnir loftmengun sem mældist í stöðinni í Dalsmára yfir áramótin 2020 til 2021.

Fimm ferlar

PM₁ grænn

PM_{2,5} blár

(grænt og blátt fellur saman á mynd)

PM₄ gulur

PM₁₀ rauður

(gult og rautt fellur saman á mynd)

PM_{total} svartur

Það sem einkennir fínryk frá blysum og flugeldum er hvað það er smágert. Yfir 70% þess fellur í flokkinn PM₁. Ryk sem getur borist inn í blóðrás fólks og er einnig ríkt af þungmálmum, PAH-efnum og fleiri heilsuskaðlegum efnum. Varnaðarorð sérfræðinganna á Efnagreiningum hjá Nýsköpunarmiðstöð frá 2018 eru enn í fullu gildi.

„Svifryk frá flugeldum um áramót verður að teljast afar varasamt.“

Á vegum stjórnvalda var gefin út skýrsla á árinu 2017, *Hreint loft til framtíðar - áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029*. Ábyrgð á framkvæmdum sem þar eru boðaðar er á hendi umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Á vegum þess hefur frá árinu 2018 verið starfandi *stýrihópur um loftgæði*. Hlutverk stýrihóps er að kanna reglulega hvernig framkvæmdum aðgerða í loftgæðaáætluninni miðar. Páll Stefánsson deildarstjóri er fulltrúi samtaka heilbrigðiseftirlits-svæða á Íslandi (SÍS) í stýrihópnum.

Kvartanir er tengjast mengun eða álagi á umhverfi

Skráðar kvartanir reyndust 117 á árinu, sem er nokkuð fleiri en í fyrra. Ástæðan fyrir fleiri skráðum kvörtunum gæti legið í bættri skráningu og annarri úrvinnslu en áður hefur tíðgast. Nú geta kvartanir tengst nokkrum flokkum, t.d. ef kvartað er fyrir rusli og drasli og lyktarmengun, er það skráð bæði sem kvörtun um slæma umgengi og lyktarmengun.

Flestar kvartanir tengjast ónæði frá starfsleyfisskyldum atvinnurekstri eða alls 45. Sérstaklega er haldið utan um kvartanir er tengjast ólykt og voru þær einungis 13 á árinu. Atvik skráð sem mengunar- og olíuóhöpp eða efnaslys á árinu voru 25. Í mörgum tilvikum er slíkum útköllum sinnt í samvinnu við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins. Mengunaróhöpp eru fleiri því heilbrigðiseftirlitið kemur ekki að öllum mengunarslysum og óhöppum.

Í gildi er reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Þar er m.a. að finna ákvæði er varðar hávaða vegna framkvæmda og um heimiluð tímamörk. Embætti byggingafulltrúa hefur beina aðkomu að byggingastarfsemi öfugt við heilbrigðiseftirlit. Samkomulag er um að kvörtunum er berast vegna hávaða og undan öðru ónæði er tengist endurnýjun húsnæðis eða nýframkvæmdum sé beint yfir til viðkomandi byggingafulltrúa. Kvartanir vegna hávaða sem bárust eftirlitinu voru 26.

Umhverfisgæðahópur

Á vegum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er starfandi vinnuhópur á sviði umhverfisgæða. Heilbrigðiseftirlitið leggur til einn starfsmann í þann hóp. Haldnir voru 8 fundir á árinu sem fóru allir fram með rafrænum hætti. Á vegum umhverfisgæðahóps hefur verið unnið að áhættumati fyrir þá tíðni eftirlits sem æskilegt er að framfylgja. Þar er horft til umfangs reksturs, úrgangs, fráveitu, loftgæða, hávaða, innra eftirlits,

ásýndar og fleiri atriða sem hafa áhrif á gæði umhverfis. Ekki tókst að ljúka vinnu við endanlegt áhættumat allra atvinnugreinaflokka, en áfram verður unnið að því mati á árinu 2021.

Starfsmannamál

Litlar breytingar hafa verið á starfsmannahaldi á árinu. Einn heilbrigðisfulltrúi var ráðinn til eftirlitsins á árinu og hóf hann störf í maí. Þá fór einn fulltrúi í fæðingarorlof og annar kom úr fæðingarorlofi á svipuðum tíma. Ráðnir voru þrír sumarstarfsmenn auk þess sem tveir aðrir sumarstarfsmenn komu til starfa hjá eftirlitinu í gegnum atvinnuáttak ungmenna frá Garðabæ.

Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða SHÍ

Framkvæmdastjóri HHK situr í stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og tók virkan þátt í störfum þess á árinu. Haldin var haustfundur í október sem fram fór með rafrænum hætti og tókst hann ágætlega. Á þeim vettvangi gefst öllum starfandi heilbrigðisfulltrúum á landinu kostur á að taka þátt í faglegri umræðu um starfssvið sitt. Um 15 erindi voru flutt á ráðstefnunni og voru líflegar umræður að þeim loknum. Þrátt fyrir að fundurinn hafi tekist ágætlega er ljóst að eftirvænting er fyrir því að heilbrigðisfulltrúar hittist aftur í raunheimum og geti borið saman bækur sínar.

Fjármál

Kostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur nemi sem næst 70% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að um 30% kostnaðar yrði mætt með beinu framlagi af sveitarfélögunum. Í sértekjum eru allar tekjur s.s. vegna þjónustuverkefna, eftirlitsgjalda, starfsleyfigjalda, vottorða o.þ.h. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum. Í niðurstöðutölum rekstrarreiknings árið 2020 eru sértekjur vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits kr. 132.850.172 eða 70,6% af rekstrarkostnaði. Frávik rekstrarniðurstöðu frá fjárhagsáætlun er því óverulegt. Kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi var á árinu kr.22.943.729 og tekjur kr.22.956.738. Í meðfylgjandi töflu eru samburðartölur árána 2012 til 2020, án fjármagnsliða, vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits. Íbúatölur eru sömu og við uppgjör ársreiknings og miðast við íbúafjölda í desember ár hvert. Fjöldi fyrirtækja á árinu 2020 (innifalið þau fyrirtæki sem hættu á árinu).

Kostnaður við heilbrigðiseftirlit

Ár	Íbúafjöldi	Fyrirtæki og stofnanir	Ársverk	Heildar kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. fyrirtæki kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2020	84.854	1587	10	165.087.528	1945	104.025	16.508.752
2019	83.073	1590	9,5	151.268.491	1,820	95.137	15.922.999
2018	81091	1529	8,5	139.377.631	1.719	91.156	16.397.368
2017	79179	1525	8	119.500.694	1509	78.361	14.937.567
2016	77046	1560	7,5	104.567.723	1357	67.031	13.942.363
2015	75533	1480	8	100.990.198	1337	68.237	12.663.775

Samanburður á fjölda fyrirtækja í árslok, ársverkum, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. fyrirtæki og kostnaði pr. stöðugildi árin 2015 til 2020 á verðlagi hvers árs.

Kostnaður við hundahald

Ár	Íbúafjöldi	Fjöldi hunda	Ársverk	Heildar-kostnaður kr.	Kostnaður pr. íbúa kr.	Kostnaður pr. hund kr.	Kostnaður pr. ársverk kr.
2020	84.854	2140	1,5	22.943.729	270	10.721	15.295.819
2019	83073	2142	1,5	23.019.976	277	10.746	15.346.650
2018	81091	2153	1,5	23.086.228	276	10.723	15.390.819
2017	79179	2312	1	22.220.281	281	9.611	22.220.287
2016	77046	2319	1,5	23.567.276	305	10.163	15.711.517
2015	75533	2364	1,5	24.011.691	318	10.157	16.007.794

Samanburður á fjölda skráðra hunda í árslok, ársverk, heildarkostnaði, kostnaði pr. íbúa, kostnaði pr. hund og kostnaði pr. stöðugildi árin 2015 - 2020 á verðlagi hvers árs..